

Fasteignafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 30. nóvember 2021 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í fjarfundi og hófst hann kl. 14:00.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Pétur Friðjónsson og Kristján Sturluson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Söluferli eigna félagsins.

Tilboð barst frá núverandi leigjanda Sæfrosts ehf.

Tilboðsgjafi bauð kr. 28.000.000 í fasteignina.

Samþykkt að gera gagntilboð. Kaupverð verði kr. 28.000.000 en félagið mun halda eftir húsinu sem gengur undir nafninu Síbería (Ægisbraut 4b) og lóð í kringum það skv. lóðablaði sem liggur fyrir á fundinum. Þá verður þinglýst kvöð á eignina til 10 ára sem kveður á um það að verði hún seld fyrir hærri upphæð en kr. 28.000.000 fær félagið 50% af kaupverði umfram þá upphæð.

Samþykkis eigenda félagsins hefur verið aflað fyrir sölu fasteignarinnar með framangreindum skilyrðum.

Formanni stjórnar veitt umboð til að gera gagntilboð sbr. framangreint.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10.

Staðfest með tölvupósti 30.11.2021 kl. 14:24

Pétur Friðjónsson


Kristján Sturluson

Staðfest með tölvupósti 30.11.2021 kl. 14:19

Einar Jón Geirsson

Ægisbraut 4b, "Síbería"

Drög að lóðaruppdrætti

